

Loftslagsstefna Barnaverndarstofu

Framtíðarsýn

Barnaverndarstofa (BVS) stefnir á að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum með því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) frá starfsemi og þeim áhrifum sem losunin hefur í för með sér. Stefna þessi tekur mið af skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamningnum.

Barnaverndarstofa vill leggja sitt af mörkum til að þessum skuldbindingum sé náð og taka þannig virkan þátt í baráttunni við loftlagsbreytingar.

Barnaverndarstofa tryggir að lagalegum kröfum sem tengjast starfsemi hennar sé fylgt og vinnur stöðugt að umbótum á umhverfisstarfi stofnunarinnar. Barnaverndarstofa fylgir grænum skrefum í ríkisrekstri og leggur þau til grundvallar í allri vinnu.

Markmið

Fram til 2030 mun Barnaverndarstofa draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um samtals 40% miðað við árið 2019. Barnaverndarstofa mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri og binda meiri koltvísýring en stofnunin losar með kaupum á vottuðum kolefniseiningum.

Gildissvið

Stefnan varðar allt starfsfólk Barnaverndarstofu, nær til samgangna á hennar vegum, orkunotkunar, úrgangsmyndunar og umhverfisfræðslu að auki til allrar annarrar starfsemi hennar, bygginga, mannvirkja og framkvæmda.

Umfang

Umhverfis- og loftslagsstefna Barnaverndarstofu tekur til eftirfarandi umhverfisþátta sem unnt er að fylgjast með og mæla hverju sinni á öllum starfsstöðum BVS:

Samgöngur

- Losun GHL vegna aksturs á bifreiðum BVS sem og bílaleigu- og leigubílum
- Losun GHL vegna flugferða starfsmanna innanlands og erlendis
- Eflum fjarfundarmenningu
- Fjöldi samgöngusamninga sem BVS gerir við starfsmenn

Orkunotkun

- Rafmagns- og heitavatnsnotkun

Úrgangur

- Losun GHJ vegna lífræns- og blandaðs úrgangs
- Endurvinnsluhlutfall
- Magn skrifstofupappírs sem prentaður er út
- Heildarmagn úrgangs sem til fellur

Innkaup

- Pappírnotkun og prentþjónusta
- Magn skrifstofupappírs sem stofnunin kaupir
- Hlutfall umhverfisvottaðs skrifstofupappírs sem stofnunin kaupir
- Hlutfall umhverfisvottaðrar prentþjónustu sem stofnunin kaupir
- Magn ræsti- og hreinsiefna sem stofnunin kaupir sjálf
- Hlutfall umhverfisvottaðra ræsti- og hreinsiefna sem stofnunin kaupir sjálf
- Hlutfall umhverfisvottaðrar ræstiþjónustu sem stofnunin kaupir

Eftirfylgni

Síðan 2019 hefur Barnaverndarstofa haldið *Grænt bókhald* þar sem teknir eru saman þýðingarmestu umhverfisþættir í starfseminni. Niðurstöður bókhaldsins eru notaðar til að móta stefnu og aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum.

- Fyrir 1. apríl ár hvert er *Grænt bókhald* fyrra árs tekið saman og því skilað í Gagnagátt Umhverfisstofnunar. Teymi rekstrar- og þjónustu (umhverfisráð) sér um að taka bókhaldið saman.
- Umhverfis- og loftslagsstefnan er rýnd árlega, árangur mældur, markmið og aðgerðaráætlun uppfærð þegar niðurstöður *Græns bókhalds* liggja fyrir. Allar uppfærslur verða lagðar fyrir yfirstjórn til samþykktar.
- Upplýsingum um árangurinn er miðlað á heimasíðu Barnaverndarstofu ár hvert. Einnig birtast niðurstöður *Græns bókhalds* á heimasíðu Grænna skrefa ásamt niðurstöðum annarra ríkisstofnana.

Stefnan rýnd og samþykkt af framkvæmdastjórn Barnaverndarstofu 09.02.2021